

49. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 23. júlí 2003 í fundarsal ráðhússins kl. 18:00.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, formaður.
Guðmundur Kristinsson
Þorgrímur Kristinsson
Dagný Þórisdóttir
Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Deiliskipulagstillaga af svæðinu Borgarbraut/Laufásvegur.
Lögð fram tillaga Bærings B. Jónssonar, dags. 21.7.2003. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Bent er á að gera þarf ráðstafanir vegna holræsis er liggur á lóðum merktum C og D áður en þeim verður úthlutað.
2. Önnur mál.
 - 2.1. Beiðni Stykkishólmsbæjar um heimild til niðurrifs á skúr í Nýrækt, áður í eigu Gunnlaugs Kristjánssonar. Samþykkt.
 - 2.2. Fyrirspurn vegna fjárhúss Hannesar Gunnarssonar.
Staðsetning nýrra fjárhúsa samþykkt, enda verði fjárhús í samræmi við byggingarreglugerð, staðsetning og útlit í fullu samráði við byggingarfulltrúa.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Gretar D. Pálsson (sign.),
Þorgrímur Kristinsson (sign.),
Þorbergur Bæringsson (sign.),
Guðmundur Kristinsson (sign.),
Dagný Þórisdóttir (sign.).

Íhs.